№

hjer var gjört í Tröju, og flutti Æneas
það þaðan, og gaf unnustu sinni í Lún-
gbardí; tók síðan hver eftir annann,
til þess er sá þjófur stal því, er Gala-
-vin hjet; síðan keipti það kaupmaður
og síðan var það gjefið fyrir Blanki-
flúr: enn þeir keiftu hana því svo
dírt, að þeir vissu, að þeir fingu enn
meira fyrir hana: fóru nú leið sína
sigldu heim á lítfjölli skunda til Ba-
-bilonar, buðu hana konúnginum, því
að hann hafði aldrei sjeð fegurra
kvenmann, og þóttist hann vita, að hún
mundi af göfgi ætt; sendi hann síð-
an í skemmu geimslu. Enn sá kaup-
-maður, er seldt hafði Blankiflúr,
fór heim og fjekk konúnginn það, er
hann tók fyrir hana, svo og kjergið;
lætur þá konúngur gjöra steinþró
ríkulega, og grafa með gullstöfunum þar
á: hjer hvílir líkamur hinnar fögru
og hinnar kurteisu Blankiflúr, er Fló-
-res unni mest. Skömmu eftir þetta
kom Flóres heim, stígur af hesti sín-
-um, gengur í höllina, heilsaði föður
sínum og spurði: hvar er Blankif-
-lúr? enn þá varð hann mjög seinn til and-
svara; móðir, sagði hann, hvar er unnusta
mín? ekki veit jeg það, kvað hún; seig
mjer, sagði hann: mátti hún þá ekki
leingur dilja og tók að gráta og segir
hana andaða vera; er það? sagði hann,
sannlega, sagði hún; enn hann spurði
nær það var; fyrir átta nóttum, sa-
gði hún; hvaða sótt hafði hún? sagði
hann; hún dó af þinni ást, sagði hún;
enn dauða hennar ló hún, því að hún
hafði áður svarið konúnginum þar að eið,
að segja hana dauða.—
6: Nú svo sem hann heirði, að hún var
önduð, fellur hann í óvit; og er hin kri-
stna kona sá þetta, grjet hún kannnt-
lega og segir: nú er óbætt, látið hefir